

Kirkjuþing 2020-2021.

34. mál-þskj. 34.

T I L L A G A

að starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af biskupi Íslands og forsætisnefnd.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

Tilgangur starfsreglna þessara er að tryggja að allir prestar og prófastar hafi þá starfsaðstöðu og búnað sem prestsstarf útheimtir og fái greiddan eðlilegan og sanngjarnan raunkostnað af rækslu starfa sinna.

2. gr.

Skrifstofukostnaður vegna starfa presta og prófaste greiðist sem hér greinir.

- a) Vegna afnota af tækjabúnaði sem prestur leggur sjálfur til, þ.e. tölvu, prentara og farsíma, greiðast kr. 8.479 á mánuði, eða kr. 101.750 á ári.
- b) Vegna rekstrarvara til skrifstofurekstrar er greitt samkvæmt útlögðum kostnaði þó aldrei hærra en kr. 27.900 á ári. Vegna prófastsstarfa er greitt skv. útlögðum kostnaði til viðbótar allt að kr. 27.900 á ári. Heimilt er Þjóðkirkjunni – Biskupsstofu að áskilja að rekstrarvörur séu keyptar hjá tilteknum birgjum.
- c) Þjóðkirkjan- Biskupsstofa greiðir farsímaáskrift fyrir hvert preststarf skv. nánari reglum sem stofan setur.
- d) Kostnaður vegna bréfasendinga, sem varða preststarfið, er greiddur af Þjóðkirkjunni – Biskupsstofu.
- e) Kostnaður vegna prestsklæða greiðist með launum kr. 1.713 á mánuði.
- f) Þjóðkirkjan leggur prestum til endurgjaldslaust aðgang að hugbúnaði til algengustu vinnslu upplýsinga, s.s. ritvinnslu, töflureikni, glærugerð og skrá- og samskiptahugbúnað sé þess óskað.

3. gr.

Nú hefur prestur eða prófastur ekki aðgang að skrifstofu eða starfsaðstöðu í kirkju, safnaðarheimili, á prestssetri, eða annars staðar og skal þá Þjóðkirkjan – Biskupsstofa í samráði við viðkomandi sjá honum fyrir skrifstofurými ásamt húsgögnum. Ef skrifstofa eða starfsaðstaða er ekki búin húsgögnum skal prestur leggja þau til sjálfur og fær þá greitt mánaðarlega kr. 6.333.

Héraðsnefnd leggur héraðspresti til starfsaðstöðu á kostnað héraðssjóðs, sbr. 14 gr. starfsreglna um presta nr. 1110/2011.

4. gr.

Árlegur aksturskostnaður vegna prests- og prófastsstarfa er greiddur samkvæmt rafrænni akstursbók. Ekki er greitt fyrir akstur vegna prestsverka sem skilgreind eru í gjaldskrá, nema vegna ferminga og undirbúnings þeirra og ekki er greitt vegna aksturs á tilgreinda starfsstöð prests.

Tilgreind starfsstöð sóknarpresta, presta í prestaköllum, þ.m.t. þeirra sem hafa viðbótarskyldur, er að jafnaði skrifstofa eða starfsaðstaða í kirkju, safnaðarheimili, á prestssetri eða annarsstaðar þar sem prestur þjónar. Biskup tilgreinir starfsstöð presta skv. starfsreglum þessum. Starfsstöð héraðspresta sem ekki eru sóknarprestar eða prestar í prestaköllum er þó ákvörðuð af prófasti hverju sinni.

Heimilt er að leggja prestum og próföstum til bifreið til einstakra ferða eða til lengri tíma ef það er hagkvæmara að mati Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Skila skal akstursskýrslum rafrænt til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu ársfjórðungslega, fyrir 15. dag upphafsmánaðar næsta ársfjórðungs og skal akstursgreiðsla að jafnaði innt af hendi næstu mánaðarmót á eftir. Skýrslan skal vera á því formi sem stofan ákveður. Biskup getur falið prófasti að fara yfir akstursskýrslu prests í prófastsdæminu.

5. gr.

Leggja skal prestum til hempu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

6. gr.

Greiðslur samkvæmt starfsreglum þessum verða einungis inntar af hendi til þeirra presta sem skila þeim skýrslum til biskups Íslands sem skylt er, sbr. 3. gr. starfsreglna um presta nr. 1110/2011, með síðari breytingum. Hafi mánaðarleg skýrsla ekki borist innan tveggja mánaða frá lokum þess mánaðar skulu greiðslur til hlutaðeigandi samkvæmt starfsreglum þessum stöðvaðar, uns úr hefur verið bætt.

7. gr.

Til að tryggja að markmiðum 1. gr. sé náð er biskupi heimilt að semja tímabundið um annað fyrirkomulag akstursgreiðslna samkvæmt 4. gr. við sérstakar aðstæður. Þá er biskupi heimilt að veita tímabundið undanþágu frá tímamörkum þeim er greinir í 6. gr. starfsreglna þessara við alveg sérstakar aðstæður s.s. vegna veikinda eða annarra sambærilegra ástæðna.

8. gr.

Þjóðkirkjan gefur árlega út yfirlit yfir greiðslur til hvers prests og prófasts sem fær greiðslur samkvæmt starfsreglum þessum. Skal það aðskilið launaseðli.

9. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2021. Frá sama tíma falla

brott starfsreglur um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999, með síðari breytingum.

Greinargerð

Núverandi starfsreglur um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa eru í grunninn frá árinu 1999, þótt þeim hafi verið breytt nokkrum sinnum síðan þær voru upphaflega settar. Þær eru byggðar á því að greiða prestum fastar mánaðarlegar greiðslur vegna rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófastsstarfa og er leitast við að áætla fjárhæðir greiðslna fyrirfram. Ljóst er að slíkt fyrirkomulag getur ekki alltaf tekið mið af raunverulegum aðstæðum. Ástæða þykir því til að endurskoða þetta fyrirkomulag. Tekið verði upp nýtt kerfi sem miðað verði við að greiðslur nái einungis til þess kostnaðar sem raunverulega er stofnað er til og eins til að tryggja að enginn prestur beri sjálfur kostnað af þjónustu sinni. Er gert ráð fyrir að ná megi hagræðingu vegna kostnaðar við þjónustu presta, m.a. með því að nýta hagstæða innkaupasamninga Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu.

Í því skyni er eftirfarandi lagt til:

Lagt er til að prestum verði lagt til sumt af því sem til rækslu prestsstarfs þarf, í stað peningalegra endurgreiðslna á áætluðum kostnaði eins og nú er. Má þar t.d. nefna rekstur farsíma.

Enn fremur er lagt til að í sumum tilvikum megi áskilja að prestar kaupi rekstrarvörur til skrifstofurekstrar hjá birgjum sem Þjóðkirkjan – Biskupsstofa hefur innkaupasamninga við og sem getur leitt til betri kjara vegna umfangs viðskipta í stað einstaklingsbundinna viðskipta. Hugsanlega má heimila að stofna til reikningsviðskipta þegar fram í sækir. T.d. gætu prestar fengið aðgang að þjónustusiðu Íslandspósts og stofnað til reikningsviðskipta vegna bréfpósts sem þeir þurfa að senda í þágu starfa sinna.

Um sumt þykir fara betur á því að prestar fái greiðslur mánaðarlega í stað þess að rekstrarvörur séu lagðar til. Er þar einkum um að ræða búnað eins og fartölvu, farsíma o.s.frv. en mjög einstaklingsbundið er hvaða búnað hver vill nota. Er þá metið hvað venjulegur, góður búnaður kostar og hann afskrifaður á tilteknum tíma í samræmi við almennar venjur og hefðir. Greiðsla er þá innt af hendi til samræmis við það mánaðarlega.

Eðlilegt er að þeir, sem ekki hafa aðgang að skrifstofuaðstöðu, fái greitt sérstaklega fyrir það að leggja sér til starfsaðstöðu sjálfir. Hins vegar er óeðlilegt að greiða prestum fyrir slíkt í þeim tilvikum að starfsaðstaða er lögð til, viðkomandi að kostnaðarlausu.

Ákvæði um að rekstrarkostnaður sé greiddur að hálfu vegna aukþjónustu og veikindaleyfa er óeðlilegt. Raunkostnaðargreiðsluviðmið þau sem lagt er til að tekið verði upp í tillögum þessum eiga að mæta öllum viðbótarkostnaði sem af afleysingarþjónustu hlýst.

Greiðsla vegna búferlaflutninga falli niður.

Lagt er til að biskupi verði heimilt að að semja tímabundið um annað fyrirkomulag akstursgreiðslna samkvæmt 4. gr. við sérstakar aðstæður. Þykir rétt að gera ráð fyrir að aðstæður geti skapast sem geta réttlætt slíkt fyrirkomulag tímabundið.

Lagt er til að greiðslur til prests verði stöðvaðar ef skýrslur berast ekki innan tveggja mánaða frá lokum þess mánaðar sem skýrsla skyldi berast. Þó þykir rétt að gera ráð fyrir að töf á skýrsluskilum geti átt sér eðlilegar ástæður og er því gert ráð fyrir að biskup geti veitt undanþágu frá þessum tímamörkum skýrsluskila.

Lagt er til að greiðslur starfskostnaðar verði aðskildar launaseðlum til að undirstrika mismunandi eðli þessara greiðslna.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Gert er ljóst, að tilgangur með greiðslum starfskostnaðar er að tryggja annars vegar að prestar og prófastar hafi þá starfsaðstöðu og búnað að lágmarki sem prestsstarf útheimtir og hins vegar að endurgreiddur sé sá raunverulegi kostnaður sem prestar hafa af starfi sínu, s.s. vegna aksturs.

Um 2. gr.

Um lið a.

Prestar og prófastar kaupi sjálfir tölvu, prentara og farsíma og er miðað við að búnaðurinn sé afskrifaður á fjórum árum. Gert er ráð fyrir að fyrir liggi samningar við stærri söluaðila tæknibúnaðar sem veita afslætti frá listaverði og sem prestar geti notið góðs af. Í fylgiskjali með málinu er gerð grein fyrir mati á kostnaði presta við öflun tækjabúnaðar. Miðað er við í september 2020 að verð tölvu sé kr. 200.000, prentara/skanna, sé kr. 40.000, lyklaborð, skjár og mús kosti kr. 47.000 og farsími kr. 120.000. Greiðsla vegna þessara búnaðarkaupa sé innt af hendi mánaðarlega.

Um lið b.

Lagt er til að greiðslur til presta vegna rekstrarvara til skrifstofurekstrar sé innt af hendi samkvæmt útlögðum kostnaði, þó aldrei hærra en kr. 27.900 á ári. Einnig er lagt til að áskilja megi að viðskiptum sé beint að tilteknum birgjum og er þá haft í huga að innkaupasamningar biskupsstofu liggi fyrir við viðkomandi birgja.

Gert er ráð fyrir, eins og algengast er, að prestar og prófastar fái rekstur farsíma greiddan frá Þjóðkirkjunni - Biskupsstofu, enda hagstæðara í stað þess að hver og einn sé að semja um slíkt við fjarskiptafyrirtæki. Ávallt verður leitað hagstæðustu tilboða hjá fjarskiptafyrirtækjum og jafnframt tryggt að fullnægjandi tenging sé í boði við farsímakerfi hverju sinni.

Póstkostnaður vegna bréfasendinga fer minnkandi með auknum rafrænum samskiptum. Þó er þess enn krafst af hálfu Þjóðskrár að hjónavígsluvottorð séu send undirrituð á pappír. Fyrir liggur samningur Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu við Íslandspóst og þykir fara betur á því að prestar njóti góðs af honum, þurfi þeir að senda bréfpóst. Geta prestar þá fengið heimild til að skrifa póstkostnað hjá stofunni.

Lagt er til að kostnaður vegna prestsklæða sé með óbreyttu sniði og tiltekin fjárhæð, sem uppfærð er til september mánaðar 2020, sé greidd mánaðarlega vegna þess kostnaðar.

Um 3. gr.

Lagt er til að sú meginregla gildi að hver prestur og prófastur hafi aðgang að einni skrifstofu eða starfsaðstöðu sér að kostnaðarlausu, en ekki að greiddur sé til viðbótar húsnæðiskostnaður vegna annarrar skrifstofu eins og verið hefur víða um land. Er því lagt til að þeir, sem ekki hafa aðgang að skrifstofu í kirkju, safnaðarheimili, á prestssetri eða annars staðar, fái greiddan skrifstofukostnað þ.e. vegna húsnæðis og húsbúnaðar.

Um 4. gr.

Teknar verði upp greiðslur vegna aksturs í þágu prestsþjónustunnar samkvæmt akstursbók, sem skilað verði rafrænt. Verði þar með fallið frá greiðslu aksturskostnaðar í flokkum eins og verið hefur enda slíkt kerfi ekki byggt á rauntölum heldur mati, sem aldrei getur orðið nákvæmt. Gert er ráð fyrir að biskup geti falið prófasti að fara yfir akstursskýrslu prests ef þurfa þykir. Vafalaust er að smám saman verði til almennar reynslutölur um kostnað vegna aksturs. Almenna reglan á vinnumarkaði er sú að vinnuveitandi greiðir ekki fyrir akstur starfsfólks á aðalstarfsstöð sína og er lagt til að slíkt hið sama gildi um allt starfsfólk Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu. Af þessu leiðir að skilgreina þarf starfsstöð presta. Í flestum prestaköllum er nokkuð augljóst hvað telst aðalstarfsstöð prests, þ.e. sóknarkirkja og safnaðarheimili. Í dreifbýli getur verið að ekki sé jafn augljóst hvar aðal starfsstöð prests er ef ekki er um kirkju með safnaðarheimili eða starfsaðstöðu að ræða. Sé lagt til prestssetur er starfsaðstaðan þar. Í fylgiskjali með málinu er gerð grein fyrir skilgreiningu biskups á aðalstarfsstöð presta. Hvað varðar héraðspresta getur starfsstöð verið breytileg eftir því hver er prófastur hverju sinni. Sérþjónustuprestum er lögð til skrifstofuaðstaða í safnaðarheimilum kirkna á höfuðborgarsvæðinu. Sjúkrahúsprestur kirkjunnar hefur þó starfsaðstöðu hjá Landspítalanum – Háskólasjúkrahúsi.

Lagt er til að akstursskýrslum sé skilað ársfjórðungslega.

Í fylgiskjali er gerð grein fyrir því hvað telst greiðsluskyldur akstur í þessu sambandi og hvað ekki.

Um 5. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá núverandi starfsreglum.

Um 6. gr.

Greiðsla rekstarkostnaðar til prests byggir á sannanlegu vinnuframlagi prests á móti. Eðlilegt er að prestar leggi fram starfsskýrslu til að grundvöllur að greiðslum starfskostnaðar sé staðreyndur og tryggur. Það er ein af grundvallar starfsskyldum presta að leggja slíkar skýrslur fram, sbr. 7. mgr. 3. gr. starfsreglna um presta nr. 1110/2011. Berist ekki slík skýrsla falli greiðslur starfskostnaðar brott að svo stöddu, enda felur ráðningarsamningur og greiðslur starfskostnaðar í sér gagnkvæm réttindi og skyldur, sem báðir samningsaðilar verða að virða.

Um 7. gr.

Lagt er til að heimilað verði að semja tímabundið um að greiða megi fyrir akstur með öðrum hætti en færslu rafrænnar akstursbókar. Kunna sérstakar aðstæður að geta leitt til slíkrar niðurstöðu.

Um 8. gr.

Lagt er til að skilið verði á milli launaseðla presta og sundurliðunar greiðslna vegna starfskostnaðar.

Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt tillagna þessara að starfsreglum feli í sér kostnað heldur þvert á móti að kostnaður geti lækkað um á bilinu 10 – 20 millj. kr. á ári.

Með máli þessu fylgja sundurliðanir og tölulegar upplýsingar sem gerð er nánari grein fyrir á fylgiskjölunum.

Um 9. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar öðlist gildi 1. janúar 2021.